

Egilsstaðir, 24. febrúar 2020

Efni: Börn og ungmenni af erlendum uppruna

Efnisyfirlit

Formáli	3
Skilgreiningar.....	3
Æskulýðsstefna Fljótsdalshéraðs	4
Barnasáttmáli SP	4
Framtíðarsýn og stefna Fljótsdalshéraðs 2007-2027.....	5
Móttaka barna af erlendum uppruna í leikskólum	5
Móttaka barna af erlendum uppruna í grunnskólum	6
Sérstök kennsla í íslensku fyrir börn af erlendum uppruna í grunnskólum	6
Annað hjá sveitarfélaginu	6
Betur má ef duga skal	7
Leik- og grunnskólar	7
Frístund	9
Félagsmiðstöðvar	10
Framhaldsskólar	10
Félagsþjónustan/sveitarfélagið	10
Íþrótt- og tómstundafélög	10
Tómstundaframlag	11
Annað	11

Formáli

Á fundi bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs þann 19. september 2018 var eftirfarandi bókað:

Í framhaldi af yfirferð fræðslunefndar yfir stuðningi við börn og ungmenni af erlendum uppruna, felur bæjarstjórn fræðslustjóra, í samstarfi við verkefnisstýru íþróttá-, æskulýðs- og forvarnarmála, að gera tillögur um hvernig mætti vinna að því að bæta þjónustu við börn og ungmenni af erlendum uppruna í sveitarfélaginu í samræmi við nýsamþykka æskulýðsstefnu sveitarfélagsins.¹

Í upphafi var tekið saman það sem hægt er að finna um efnið á vefsíðum skólanna, það sem starfsfólki stjórnáslu er kunnugt um og rætt var við skólástjórnendur bæði leik- og grunnskóla.

Ekki er sjálfgefið að við leggjum öll sama skilning í hvaða barnahóp við erum að vísa til þegar við tölum um börn af erlendum uppruna, og því geta tölur um fjölda þeirra verið breytilegar, en skráning hjá Hagstofu gefur okkur að það séu 51 barn sem fellur undir þá skilgreiningu sem stunda nám við leik- og grunnskóla í sveitarfélaginu, eða ríflega 7%. Af þessum börnum eru 40% pólsk (21 barn), 24% þýsk (12 börn) og fjórðungur af öðrum uppruna.

Á Íslandi verja börn miklum hluta síns frítíma í skipulögðu tómsundastarfi, en rannsóknir hafa sýnt að slíkt starf hefur mikið forvarnagildi. Samstarf við foreldra í slíku starfi þarf þó að byggja á að foreldrar fái upplýsingar um mikilvægi frístundastarfsins og hvatningu til foreldra til að taka þátt í því starfi sem er skipulagt í frítíma barnsins.

Það er mikilvægt að byggja strax upp gott samstarf við foreldra, frá upphafi skólagöngu og frístundastarfs, með það að markmiði að mynda tengsl og traust.

Skipulagt tómsundastarf til viðbótar við grunnskóladaginn er börnum með erlent móðurmál afar mikilvægt þar sem börn þurfa að verja a.m.k. 50% vökutímans í íslensku málumhverfi til að tungumálið vaxi og dafni og nýtist þeim til gagns.²

Skilgreiningar

Barn: Á Íslandi er barn einstaklingur undir 18 ára aldri.

Nýr íbúi/nýbúi: Sá eða sú sem skráir lögheimili sitt í sveitarfélaginu.

Innflytjandi/Aðili af erlendum uppruna: Sá eða sú sem uppruna sinn á utan Íslands, er fæddur erlendis eða báðir foreldrar einstaklings séu fæddir erlendis eða hafi einhvern tíma haft erlent ríkisfang, en sest hefur að til langframa í landinu. Innflytjendur eiga það sameiginlegt að hafa annað mál en íslensku að móðurmáli.

Foreldri: Einstaklingur sem ber ábyrgð og skyldur gagnvart barni. Foreldri getur verið kynforeldri, stjúpfareldri, kjörforeldri eða fósturforeldri.

¹ <https://www.fljotsdalsherad.is/is/stjornsysla/fundargerdir/baejarstjorn/1134>

² <https://reykjavik.is/thjonusta/fjolmenning-i-fristundastarfi>

Æskulýðsstefna Fljótshéraðs

Æskulýðsstefna Fljótshéraðs var samþykkt í íþrótta- og tómstundanefnd 24. maí 2018 og staðfest í bæjarstjórn þann 6. júní 2018.³

Æskulýðsstefnunni er m.a. ætlað að leggja grunn að starfsemi á vegum sveitarfélagsins fyrir börn og unglinga. Einnig samvinnu við þá sem sinna tómstundastarfi innan sveitarfélagsins. Byggir stefnan m.a. á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem er samningur um réttindi barna, og landslögum, þ.m.t. Barnalögum nr. 76, frá árinu 2003. Að auki er tekið mið af framtíðarsýn og stefnu Fljótshéraðs. Tekur æskulýðsstefna Fljótshéraðs til barna frá fæðingu og fram yfir unglingsár.

Í stefnunni segir að félagsþjónusta Fljótshéraðs beri ábyrgð á að stuðlað sé að fjölbreyttri þjónustu við fjölskylduna með það leiðarljós að allar fjölskyldur hafi aðgang að nauðsynlegri fagþjónustu. Jafnframt að fræðsla og upplýsingagjöf til foreldra sé öflug og aðgengileg öllum, óháð aðstæðum.

Að skólar, í samvinnu við foreldrafélög og tengiforeldra, lögregla og foreldrar/forráðafólk taki höndum saman í því skyni að allar takmarkanir vegna aldurs séu virtar, til dæmis vegna útivistartíma, samfélagsmiðla, áfengis og vímugjafa og fleira. Skólar, í samvinnu við foreldrafélög og starfsfólk fjölskyldusviðs, bjóði reglulega upp á vandaða fræðslu um málefni sem varða börn og ungmenni.

Í stefnunni er sérstaklega nefnt að íbúum sem ekki hafa íslensku að móðurmáli er boðin fræðsla um stjórnsýslu Fljótshéraðs og þeim kynnt sú þjónusta sem nýtist varðandi umönnun, skólagöngu og tómstundastarf barna og ungmenna. Einnig að mikilvægar upplýsingar er varða börn og ungmenni og málefni þess hóps séu settar fram á fleiri tungumálum en íslensku.

Til viðbótar við ofangreint er rödd barna og ungmenna gert hátt undir höfði í æskulýðsstefnunni og ítrekað hversu mikilvægt það er að þessi hópur sé kallaður að borðinu, hvort sem er í stjórnsýslunni eða annars staðar.

Barnasáttmáli SP

Barnasáttmálinn var fullgiltur fyrir Íslands hönd árið 1992.⁴ Það felur í sér að Ísland er skuldbundið til að virða og uppfylla ákvæði hans. Barnasáttmálinn var lögfestur hér á landi 20. febrúar 2013 og er nú hluti af íslenskri löggjöf.

Barnasáttmálinn felur í sér alþjóðlega viðurkenningu á því að börn séu sjálfstæðir einstaklingar með fullgild réttindi, óháð réttindum fullorðinna. Sáttmálinn hefur að geyma ýmis

³ https://www.fljotsdalsherad.is/static/files/Skjol/Samth-regl-stefnur/stefnur/fljotsdalsherad_aeskulydsstefna_net2.pdf

⁴ <https://barnasattmali.is/barnasattmalinn/umbarnasattmalann.html>

grundvallarréttindi og tryggir öllum börnum upp að 18 ára aldri sérstaka vernd og umönnun. Í grófum dráttum má skipta réttindum barna í þrjá flokka; vernd, umönnun og þátttöku.

Vernd: Barnasáttmálinn kveður á um vernd tiltekinna grundvallarmannréttinda barna, svo sem réttinn til lífs, friðhelgi fjölskyldu- og einkalífs, félaga-, skoðana-, tjáningar- og trúfrelsis.

Umönnun: Barnasáttmálinn leggur þær skyldur á aðildarríkin að grípa til aðgerða til að tryggja velferð barna, m.a. á sviði mennta-, heilbrigðis- og félagsmála.

Þátttaka: Barnasáttmálinn tryggir börnum rétt til þess að láta í ljós skoðanir sínar á öllum málum sem varða þau með einum eða öðrum hætti. Taka ber tillit til skoðana barna í samræmi við aldur þeirra og þroska.

Þó að öll réttindi Barnasáttmálans séu mikilvæg er almennt gengið út frá því að fjögur ákvæði feli í sér svokallaðar grundvallarreglur, sem tengja saman ólík ákvæði hans. Eru þessar reglur 2., 3., 6. og 12. grein sáttmálans og snúa m.a. að því að öll börn skuli njóta réttinda sáttmálans, að allar ákvarðanir og ráðstafanir er varða börn skuli byggðar á því sem er börnum fyrir bestu, að tryggja skuli það að börn megi lifa og þroskast og að börn eigi rétt á að láta í ljós skoðanir sínar á öllum málum er varða þau.

Framtíðarsýn og stefna Fljótsdalshéraðs 2007-2027

Í framtíðarsýn og stefnu Fljótsdalshéraðs⁵ sem samþykkt var í nóvember 2007 segir að það sé stefna Fljótsdalshéraðs að byggja upp samfélag sem grundvallast á lífsgæðum og velferð íbúanna. Hvort tveggja sé mikilvæg forsenda hamingju og þroska þeirra þannig að mannauður eflist, fjölskyldur og einstaklingar dafni og atvinnulíf og frumkvæði blómstri.

Lögð er áhersla á að jafnrétti sé haft til grundvallar í allri ákvarðanatöku sveitarfélagsins og að allir íbúar hafi tækifæri til að nýta möguleika og sérstaka hæfileika sína og starfsgetu.

Móttaka barna af erlendum uppruna í leikskólum

Leikskólinn Tjarnarskógur er eini skólinn með aðgengilegar upplýsingar um leikskólabyrjun og aðlögun, en þær eru aðeins á íslensku og eru almenns eðlis en beinast ekki að börnum að erlendum uppruna.⁶⁷

Leikskóladeild Brúarásskóla og leikskólinn Hádegishöfði hafa ekki aðgengilegar áætlanir varðandi móttöku barna af erlendum uppruna.

⁵ <https://www.fljotsdalsherad.is/static/files/Skjol/Samth-regl-stefnur/stefnur/framtidsarsyn-og-stefna-flj-2007-2027.pdf>

⁶ <http://tjarnarskogur.leikskolinn.is/Upplýsingar/Velkomin-i-skolann>

⁷

<http://tjarnarskogur.leikskolinn.is/tjarnarsk%C3%B3gur/stj%C3%B3rnendur/%C3%A1%C3%A6tlanir/kynningarbaeklingur.pdf>

Í samtali við leikskólastjóra sögðust þær reyna að vinna vel að móttöku barna af erlendum uppruna og ýmist nýta það sem þær höfðu lært í starfi eða námi, þó það væri ekki formfast eða skjalfest.

Móttaka barna af erlendum uppruna í grunnskólum

Grunnskólalög eru afar skýr hvað varðar skyldur grunnskóla í tengslum við móttöku barna af erlendum uppruna. Gera skal móttökuáætlun sem skal taka mið af bakgrunni þeirra, tungumálafærni og færni á öðrum námssviðum.

Í Brúarásskóla er til staðar almenn móttökuáætlun fyrir nýja nemendur en hvernig er minnst á nemendur með annað móðurmál en íslensku.⁸

Á heimasíðu Egilsstaðaskóla er aðgengileg almenn móttökuáætlun fyrir nýja nemendur⁹ og önnur fyrir nemendur með sérþarfir og nýbúa.¹⁰ Sú síðarnefnda miðar sérstaklega að nemendum með sérþarfir aðrar en þær að vera af erlendum uppruna. Báðar þessar áætlanir eru eingöngu á íslensku.

Í Fellaskóla er til nýleg móttökuáætlun fyrir nýbúa á íslensku.¹¹ Búið er að þýða hana yfir á ensku en ekki setja hana á vefsíðu skólans.

Í samtali við skólastjórnendur og náms- og starfsráðgjafa Egilsstaðaskóla kom í ljós að móttökuáætlun er í vinnslu.

Sérstök kennsla í íslensku fyrir börn af erlendum uppruna í grunnskólum

Öll tvítyngd börn eiga rétt á sérstakri íslenskukennslu í grunnskólum, eins og fram kemur í 16. gr. laga um grunnskóla. Umfang kennslunnar byggir á einstaklingsmati, og ýmist er um að ræða einstaklingskennslu eða kennslu í litlum hópum.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga veitir sérstök framlög vegna íslenskukennslu erlendra nemenda skv. ákveðnum jöfnunarreglum. Þó grunnskólarnir hafi ekki allir gengið formlega frá móttökuáætlun sinna þeir allir sérstakri íslenskukennslu erlendra nemenda eftir þörf og aðstæðum. Skólarnir njóta ráðgjafar frá sérfræðingi Menntamálastofnunar vegna skipulags og framkvæmdar íslenskukennslunnar.

Annað hjá sveitarfélaginu

Gefnir eru út bæklingar, ýmist eingöngu á vefformi eða á vefformi og útprentaðir, um það tómstundastarf sem í boði er fyrir börn og unglunga á Fljótsdalshéraði. Kemur Sumarfjör út að

⁸ <https://www.bruaras.is/is/skolanamskra/aaetlanir-og-reglur/reglur-um-mottoku-nyrra-nemenda>

⁹ https://www.egilsstadaskoli.is/static/files/hagnytt/mottokuaaetlun_nyrra-nem.pdf

¹⁰ <https://www.egilsstadaskoli.is/static/files/hagnytt/mottokuaaetlun-sertharfir-2011.pdf>

¹¹ <https://www.fell.is/static/files/ymislegt/mnf.pdf>

vori eða snemma sumars og Vetrafjör að hausti. Síðustu tveir bæklingar, Sumarfjör 2019 og Vetrafjör 2019-2020 verið gefnir út á þremur tungumálum: íslensku, pólsku og ensku.

Í byrjun árs fékkst styrkur til að efla upplýsingagjöf til fjölskyldna af erlendum uppruna, m.a. með því að auka flæði upplýsinga á fleiri tungumálum en íslensku. Hefur Ungmennafélagið Þristur t.a.m. verið duglegt að láta þýða sínar auglýsingar á bæði ensku og pólsku. Þá gerði þessi styrkur kleift að þýða og gefa út bæklingana tvo á árinu 2019, en það hefur ekki verið gert áður.

Mikið hefur verið lagt upp úr því að allt efni, til dæmis auglýsingar, upplýsingar og reglur, varðandi tómsundaframlag Fljótsdalshéraðs sé gefið út á þremur tungumálum til að auðvelda þeim foreldrum sem ekki hafa íslensku að móðurmáli að nálgast allar þessar upplýsingar.

Betur má ef duga skal ...

Miðað við það sem segir í stefnum sveitarfélagsins og svo það sem áþreifanlegt er í stofnunum þá má sannarlega gera betur.

Á vegum sveitarfélagsins er rekið metnaðarfullt starf fyrir börn og ungmenni, bæði á vegum sveitarfélagsins og frjálsra félagasamtaka, en þátttaka barna og ungmenna af erlendum uppruna virðist ekki hlutfallslega sú sama og íslenskra barna þegar skýrslur íþróttafélaga og talning notenda félagsmiðstöðva er skoðuð. Þó er í æskulýðsstefnunni áréttað að sveitarfélagið eigi samstarf við þá aðila sem starfa með börnum og ungmennum um að gert sé ráð fyrir þátttöku og aðgengi ólíkra hópa, þ.m.t. barna og ungmenna með fötlun og þeirra sem ekki hafa íslensku að móðurmáli.

Huga þarf að eftirfarandi atriðum:

Leik- og grunnskólar

- Hvernig er tekið á móti börnum af erlendum uppruna í leik- og grunnskólum.
 - Búast má við því að aðgengi að upplýsingum sé ekki eins gott og þegar um er að ræða íslensk börn með íslenska foreldra, og því nauðsynlegt að „mata“ fólk á upplýsingum um þjónustu sveitarfélagsins, skólann, skólastarfið, frístund og félagsmiðstöð og það íþrótt- og tómsundastarf sem í boði er o.s.frv.
 - Í 16. grein laga um grunnskóla kemur fram að grunnskólar skulu hafa móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku. Undir það falla einnig börn heyrnarlausra foreldra.¹²
 - Það er víða pottur brotinn hvað varðar þetta atriði en enginn skólinn, fyrir utan Fellaskóla, hefur mótað sér stefnu varðandi móttöku barna af erlendum uppruna. Þó er áætlun Egilsstaðaskóla í vinnslu.
 - Með það hversu mikilvægt og hve mikið forvarnagildi þátttaka í skipulögðum tómsundum að leiðarljósi er nauðsynlegt að kynna vel bæði Frístund/lengda viðveru grunnskólanna og það tómsundastarf sem er í boði í sveitarfélaginu.

¹² <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008091.html>

- Æskilegt væri að fulltrúar Frístundar og/eða tómstundamála séu viðstödd annað hvort móttökuvíðtal eða það sem á eftir kemur til að kynna þetta starf og eins tómstundaframlag Fljótshéraðs ef við á.

- Hvernig hugað er að fræðslu og foreldrafundum

- Fræðsla og foreldrafundir, t.a.m. haustfundir, eru haldnir bæði í leik- og grunnskólum. Þar fer allt fram á íslensku, bæði fundaboð og fundirnir sjálfir, sem ekki er aðgengilegt þeim sem skilja takmarkað. Er möguleiki á því að halda annan fund t.d. á pólsku, þar sem við vitum að fjöldi foreldra skilur það mál, og upplýsa þá foreldra þeirra barna sem hvorki tala íslensku né pólsku um málin á foreldrafundum og/eða með tölvupóstum á þeirra tungumáli?
- Útsendir tölvupóstar í þeim bekkjum og deildum þar sem vitað er að foreldrar barna eru af erlendum uppruna ættu að fara út á a.m.k. þremur tungumálum; íslensku, ensku og pólsku. Þannig náum við a.m.k. til stórs hluta foreldra. Ef vitað er um börn og foreldra með önnur móðurmál væri hægt að athuga hvernig málskilningur þeirra er og hvort þarf að finna til túlka og þýðendur til að ná til þeirra einnig.
- Auglýsingar á vegum skólanna ættu einnig að vera gefnar út á a.m.k. þremur tungumálum þegar þess gefst nokkur kostur.
 - Það sama á við um t.d. áminningar um takmarkanir vegna aldurs, t.a.m. útvístartíma, samfélagsmiðla o.s.frv.

- Kennsla í móðurmáli

- Reglulega vaknar umræða um hvernig standa skuli að stuðningi við þróun í móðurmáli erlendra nemenda. Eins og fram hefur komið eru flestir erlendir nemendur á Fljótshéraði frá Póllandi. Á undanförunum árum hefur verið boðið upp á að sveitarfélög utan Reykjavíkur gætu keypt fjarkennslu í pólsku fyrir pólska nemendur á unglingsstigi frá Tungumálaveri Laugalækjarskóla og Fljótshérað tryggði viðkomandi nemendum í skólum sveitarfélagsins aðgang að þeirri kennslu. Ánægja var með kennsluna og því þótti mjög miður þegar Reykjavík ákvað að frá haustinu 2019 yrði sú kennsla einungis í boði fyrir nemendur með lögheimili í Reykjavík. Því hefur verið komið á framfæri við fræðsluyfirvöld í Reykjavík að við óskum eftir að fá tækifæri til að ræða möguleika á að aftur verði þessi kennsla í boði í fjarnámi og verður því fylgt eftir.

Þegar barst erindi frá pólska ræðismanninum á Íslandi á síðasta ári var leitað til ráðgjafa Menntamálaáskrifunar um hvernig best væri að haga slíkri kennslu. Það kom skýrt fram hjá viðkomandi ráðgjafa að það sem skipti mestu máli fyrir erlenda nemendur væri markviss og góð kennsla í íslensku, enda þurfa börnin að

verja a.m.k. 50% vökutímans í íslensku málumhverfi til að tungumálið vaxi og dafni og nýtist þeim til gagns eins og fram hefur komið. Það væri því ekki ráðlegt að taka tíma á skólatíma til móðurmálskennslu nema í sérstökum tilvikum.

Með þessu er ekki dregið úr mikilvægi þess að börn fái tækifæri til að þróa móðurmál sitt, það styður við máltöku í öðru tungumáli. Það sem skiptir máli er hins vegar að velgengni barnanna í íslensku samfélagi byggir á því að þau valdi íslensku máli sem allra best og þar nýtast kennslustundir skólans best í markvissa kennslu í íslensku. Ef tækfæri er til að styðja við móðurmál með öðrum hætti en svo að það taki frá íslenskunámi þeirra er eindregið hvatt til að styðja við það.

- Eftirfylgni

- Í móttökuáætlunum leik- og grunnskóla er nauðsynlegt að gera ráð fyrir eftirfylgni og ítrekun á þeim upplýsingum sem fjölskyldum af erlendum uppruna eru gefnar á fyrstu fundum.
 - Hvernig gengur í skólanum?
 - Námslega og félagslega.
 - Hvernig er félagsleg staða barns/barna utan skóla?
 - Er/u barn/börn í Frístund og með nægan stuðning þar?
 - Er/u barn/börn í tómskundastarfi og gengur vel?
- Reglubundin foreldra- og nemendaviðtöl í grunnskólum geta einnig nýst sem eftirfylgni og einhverjir gátlistar væru nýtilegir í slíkt svo hægt sé að fá upplýsingar um hagi og líðan barnanna.

Frístund

- Leggja skyldi hart að foreldrum barna af erlendum uppruna að skrá börnin í Frístund/lengda viðveru. Að baki þessu liggja m.a. eftirfarandi rök
 - það er mikilvægt fyrir félagslega stöðu barnsins.
 - það er mikilvægt vegna máltöku í íslensku.
- Hægt væri að bjóða foreldrum barna af erlendum uppruna fyrstu tvær annir í Frístund ókeypis til að byggja strax sterkan grunn.
 - Af þessu hlýst óverulegt, ef eitthvað, tekjutap fyrir sveitarfélagið en gæti nýst barninu og fjölskyldunni mjög vel og verið fjárfesting til framtíðar í íslenskri máltöku barnsins.
- Nauðsynlegt er að upplýsingum, skráningarblöðum og reglum varðandi Frístund sé komið til skila á móðurmáli foreldra barnsins.

Félagsmiðstöðvar

- Upplýsingar um starfið ættu að fara til foreldra á fleiri tungumálum en íslensku, enda er mikilvægt starf sem fer fram í félagsmiðstöðinni, bæði fyrir mið- og unglingastig.
 - Mikilvægt fyrir félagslega stöðu barnsins.
 - Enn sem fyrr er mikilvægt vegna máltöku að börn og ungmenni eyði sem mestum tíma í íslensku málumhverfi.
 - Félagsmiðstöðvastarfið er mikilvægt fjölþætt forvarnarstarf.
- Nauðsynlegt er að tengiliðir í skólum hvetji börn og ungmenni til að taka þátt í bæði opnu- og klúbbastarfi í félagsmiðstöðinni og séu jafnframt í góðu sambandi við starfsfólk félagsmiðstöðva vegna þessara einstaklinga.

Framhaldsskólar

- Samfella grunn- og framhaldsskóla skiptir hér öllu máli og skilafundir þurfa að fara fram áður en ungmenni flytjast um skólastig.

Félagsþjónustan/sveitarfélagið

- Hvernig er tekið á móti nýjum íbúum í sveitarfélaginu er á höndum skrifstofu og félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs.
 - Upplýsingabæklingur á fleiri en einu tungumáli.
 - Stjórnsýslan
 - Réttur og skyldur.
 - Leikskólar
 - Grunnskólar
 - Frístund
 - Frístundastarf
 - O.fl.
 - Starfsmaður félagsþjónustu „eyrnamerkur“ móttöku nýrra íbúa.
 - Gátlisti sem hægt er að fara eftir.
 - Eftirfylgni

Íþróttta- og tómstundafélög

- Í samningum við íþróttafélög þarf að vera skýrt kveðið á um nauðsyn þess að félögin setji fram upplýsingar á fleiri tungumálum en íslensku.
 - Til að þetta sé möguleiki verður að fylgja fjármagn og/eða aðstoð sveitarfélagsins við slíkt, þar sem allt starf íþróttta- og tómstundafélaga er unnið af sjálfboðaliðum.
- Góð samskipti skóla og þessara félaga eru mikilvæg, í báðar áttir, og reglulegt samtal á milli þessara eininga er mikið atriði.

Tómstundaframlag

Samkvæmt talningu á umsóknum um tómstundaframlag Fljótsdalshéraðs árið 2019 þá eru umsóknir frá foreldrum barna af erlendum uppruna 27,5% á móti 66,5% umsókna íslenskra barna.

Hafa allar auglýsingar, fréttir og reglur um tómstundaframlagið verið gefnar út á íslensku, ensku og pólsku auk þess að umsóknin sjálf er á þessum þremur tungumálum. Því er hægt að velta upp hvoru er um að kenna, þátttöku barna í tómstundum eða tregðu foreldra við að sækja um.

Annað

- Nauðsynlegt er að taka til greina læsi foreldra, því auðvitað er ekki sjálfsagt að það dugi að senda heim eða setja á heimasíðu sveitarfélagsins ef foreldrar eiga erfitt með að skilja það sem þar er sett fram.
- Ráð eða nefnd til ráðleggingar, samsett af nýbúum í sveitarfélaginu, væri til þess fallið að gefa innsýn í það hvernig best er að haga samskiptum og koma öllum nauðsynlegum upplýsingum til skila.
- Í fjárhagsáætlun verður að gera ráð fyrir fjármagni til að koma til móts við þennan hóp, m.a. til að þýðinga, ráðgjafar, túlka o.s.frv.
- Fræðsla til foreldra barna af erlendum uppruna þarf að fara fram t.d. hvað varðar forvarnagildi skipulags íþróttá- og tómstundastarfs en það er alls óvíst að slíkt sé raunin í þeim samfélögum sem fólk kemur úr.
 - ÍSí hefur t.a.m. gefið út upplýsingabæklinga sem væri kjörið að fara yfir í móttökuvíðtölum í leik- og grunnskólum.
- Skólar hafi frumkvæði að því að vinna með t.d. Rauða krossinum að verkefnum sem nýtast þessum hópi barna.
 - Lestrarvinir, fjölskyldustuðningur o.s.frv.
- Sú hugmynd sem nú er uppi um að hafa eingöngu eitt fast gjald fyrir alla íþróttaiðkun gæti mögulega hvatt fleiri börn og ungmenni til þátttöku í fjölbreyttum íþróttum.
 - Verður að kynna vel.

Bylgja Borgþórsdóttir, verkefnastjóri íþróttá-, tómstunda- og forvarnamála
Helga Guðmundsdóttir, fræðslustjóri